

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Álftanes, nr. 507/2004.

1. gr.

61. gr. samþykktarinnar, sem ber fyrirsögnina „Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.“ verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Bæjarráð.** Bæjarstjórn kýs að afloknum bæjarstjórnarkosningum þrjá aðalfulltrúa í bæjarstjórn í bæjarráð til eins árs og þrjá aðal- eða varafulltrúa í bæjarstjórn til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júnímánuði. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð rétt á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi bæjarráðs, hver listi, og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Auk framangreindra verkefna bæjarráðs fer ráðið með verkefni kjaranefndar og starfskjaranefndar.
- B. **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflökka sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.
1. *Atvinnumálanefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í atvinnumálanefnd. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar í atvinnumálum. Auk þess getur bæjarstjórn falið nefndinni önnur verkefni með erindisbréfi.
 2. *Félagsmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og barnaverndarlög nr. 80/2002. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, öldrunarnefndar og barnaverndarnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd barnaverndarlaga, laga um málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi. Nefndin skal tilnefna fulltrúa í stjórn hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í bæjarfélaginu. Tilnefningar nefndarinnar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar.
 3. *Íprótta- og tómstundanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í íprótta- og tómstundanefnd samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og lögum um æskulýðsmál nr. 24/1970. Íprótta- og tómstundanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem íprótta- og tómstundanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
 4. *Kjörstjórn til sveitarstjórnar- og alþingiskosninga.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn til sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga. Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar er kjörstjórn kosin og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

5. *Menningar- og ferðamálanefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í menningar- og ferðamálanefnd. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk þess að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í menningar- og ferðamálum hefur nefndin með höndum málefni Bókasafns Álftaness samkvæmt ákvæðum laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Auk þess getur bæjarstjórn falið nefndinni önnur verkefni með erindisbréfi.
 6. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og byggingarnefnd, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Nefndin er kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem skipulags- og byggingarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bættar samgöngur innan bæjarins og aukið öryggi fyrir vegfarendur. Nefndin annast ferlimál fatlaðra, en einnig getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
 7. *Skólanefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í skólanefnd. Skólanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Skólanefnd fer með málefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995, skólabókasafns og leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994. Auk verkefna sem skólanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
 8. *Tónlistarskólanefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í tónlistarskólanefnd. Tónlistarskólanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Tónlistarskólanefnd fer með málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Auk verkefna sem tónlistarskólanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
 9. *Umhverfisnefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfisnefnd. Umhverfisnefnd sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar og náttúruverndarnefndar. Umhverfisnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem umhverfisnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi. Nefndin skal tilnefna einn aðalfulltrúa og annan til vara í sameiginlega heilbrigðisnefnd Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness. Tilnefningar þessar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar.
- C. **Stjórnir og samstarfsráð**. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Almannavarnanefnd*. Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara í sameiginlega almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 94/1962. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 2. *Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins*. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í Bláfjallanefnd samkvæmt ákvæðum samstarfssamnings. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
 3. *Fjallskila- og afréttarnefnd*. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í sameiginlega fjallskila- og afréttarnefnd Sveitarfélagsins Álftaness, Garðabæjar og Hafnarfjarðar-

- kaupstaðar. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
4. *Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Álftaness.* Bæjarstjórn kýs einn áheyrnarfulltrúa og annan til vara í fimm manna heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Álftaness samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn m.t.t. tilnefningar umhverfisnefndar á öðrum eða þriðja fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
 5. *Stjórn Strætó bs.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Strætó bs. samkvæmt samningum þar um og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
 6. *Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. samkvæmt samningum þar um og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
 7. *Stjórn Sorpu bs.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Sorpu bs. samkvæmt samningum þar um og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
 8. *Stjórn SSH.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í stjórn SSH, sbr. samþykktir sem um SSH gilda hverju sinni.
- D. **Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem bæjarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.
- E. **Lögbundin kosning embættismanna.** Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:
1. *Búfjárefstirlitsmaður.* Sameiginlegur búfjárefstirlitsmaður Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Álftaness starfar á vegum heilbrigðiseftirlits.
 2. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.* Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar til loka kjörtímabils bæjarstjórnar.
- F. **Verkefnabundnar nefndir.** Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða þeirra eru skilgreind.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. júlí 2006.

F. h. r.
Guðjón Bragason.

Þorgerður Benediktsdóttir.